

10. apríl 2006  
ÓHP/sj

Samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík


**Varðar 310. mál, þingsályktunartillögu um uppbyggingu héraðsvega**

Visað er til bréfs samgöngunefndar, dagsetts 21. mars 2006.

Stjórn Umferðarráðs styður að sérstakt átak verði gert til viðhalds og uppbyggingar á héraðsvegum, ekki síst ef samhliða verður haft að leiðarljósi að vegirnir verði gerðir öruggari fyrir vegfarendur. Lagning bundins slitlags á þá vegi þar sem umferð er mikil er tvímælalaust þáttur þar í, auk þess sem slíkir vegir eru ólíkt skemmtilegri yfirferðar og rykmengun af völdum umferðar um þá verður sáralítill. Til annarra þátta þarf og að líta í þessum efnum, svo sem næsta umhverfis vega - að ökumönnum stafi ekki hætta af bröttum vegfláum, djúpum skurðum sem oft eru barmafullir af vatni langtímum saman, eða djúpum gjótum eða stórum steinum við vegbrúnir. Er mælt með því að átak eins og hvatt er til í þingsályktuninni verði viðtækara og nái einnig til framangreindra öryggisþátta, auk annars þess sem vitað er að eykur umferðaröryggi.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að bréf nefndarinnar barst, en erindið var sent ráðsmönnum til umsagnar í tölvupósti. Svar barst frá fulltrúa Bílgreinasambandsins, sem álitur það bestu byggðastefnuna að leggja „alvöru stofnbrautir“ á milli landshluta og það megi gera ef bíleigendum verði skilað meiru af þeim 45-47 milljörðum króna sem ríkissjóður fær í tekjur af bílgreininni.

f.h. Umferðarráðs,



Óli H. Þórðarson  
formaður